

**419. fundur Hreppsnefndar Tálknafjarðarhrepps haldinn að Miðtúni 1,  
Tálknafirði, þriðjudaginn 20. júlí 2010 og hófst hann kl. 17:00**

**Fundinn sátu:**

Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir (EIS), Birna Benediktsdóttir (BB), Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG), Ásgeir Jónsson (ÁJ), Björgvin Smári Haraldsson (BSH), Ása Jónsdóttir (ÁJ),

**Fundargerð ritaði:** Ása Jónsdóttir , ritari

**Dagskrá:**

- 1. 1007009F - Félagsmálaráð - 39**  
Lagt fram til kynningar.
- 2. 1007010F - Félagsmálaráð - 40**  
Lagt fram til kynningar.
- 3. 1007005 - Samband íslenskra sveitarfélaga fundargerð 775. fundar stjórnar dags 25.júní 2010**  
Lagt fram til kynningar.
- 4. 1006063 - Fjórðungssamband Vestfirðinga fundargerðir stjórnarfunda 11.3.2010, 21.4.2010, 9.6.2010.**  
Lagt fram til kynningar.
- 5. 1006064 - Nefndasvið Alþingis iðnaðarnefnd beiðni um umsögn um frumvarp til laga um verndar- og nýtingaráætlun vegna virkjunar fallvatna og háhitasvæða (heildarlög) 660.mál**  
Samþykkt samhljóða að senda ekki umsögn.
- 6. 1006017 - Samband Íslenskra sveitarfélaga, kjör fulltrúa á landsþing, 02.06.2010**  
Aðalfulltrúi var kjörin Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir og Birna Sigurbjörg Benediktsdóttir til vara, samþykkt einróma.
- 7. 1007043 - Samband íslenskra sveitarfélaga bréf dags 5.júlí 2010, boðun á XXIV. landsþings.**  
Lagt fram til kynningar.
- 8. 1006013 - Samþykkt um stjórn og fundarsköp Tálknafjarðarhrepps**  
Farið yfir breytingar frá 418. fundi, þar sem 16. töluliður fellur niður færast aðrir upp sem því nemur, við bætist 17. töluliður, sem er þjónustuhópur aldraðra, sem er sameiginlegur með Vesturbyggð, Tálknafjarðarhreppur kýs einn fulltrúa og einn til vara. Skipað var í eftirtaldar nefndir skv. 51. grein: Almannavarnarnefnd V-Barð, oddviti er skipaður skv. lögum og til vara verður Birna S. Benediktsdóttir. Búfjáreftirlitsmaður: Lilja Magnúsdóttir. Fjórðungssamband Vestfirðinga: Aðalmenn: Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir, Bjarnveig Guðbrandsdóttir og Birna S. Benediktsdóttir, varamenn: Ásgeir Jónsson, Björgvin Smári Haraldsson og Guðni Ólafsson. Hafnarsamband sveitarfélaga: Aðalmaður: Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir og til vara Ásgeir Jónsson. Samráðsnefnd: Aðalmenn: Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir og Birna S.

Benediktsdóttir, til vara Bjarnveig Guðbrandsdóttir og Ásgeir Jónsson.  
Samband Ísl. sveitarfélaga: Aðalmaður: Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir,  
varamaður Birna S. Bendiksdóttir. Skoðunarmenn: Margrét Magnúsdóttir og  
Ása Jónsdóttir, til vara: Kristrún Guðjónsdóttir og Inga J. Jóhannesdóttir.  
Þjónustuhópur aldraðra: Aðalmaður: Elísabet Kjartansdóttir, til vara Birna S.  
Benediktsdóttir. Breyting á 9. tölulið 51. greinar, við bætist: Sveitarstjórn kýs  
formann hafnarstjórnar. Samþykkt um stjórn og fundarsköp  
Tálknafjarðarhrepps borin upp með áorðnum breytingum. Samþykkt  
samhljóða.

**9. 1005012 - Hafnarvörður tillaga að gjaldskrá og hafnarreglugerð fyrir Tálknafjarðarhöfn**

Hreppsnefnd samþykkti nýja hafnarreglugerð og var oddvita falið að senda hana til staðfestingar. Samþykkt einróma.

**10. 1007061 - Ísafjarðarbær bókun um stuðning við frumvarp til laga um uppbyggingu á Vestfjarðavegi nr. 60**

Hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps tekur undir bókun Ísafjarðarbæjar þar sem lýst er yfir stuðningi við frumvarp til laga um uppbyggingu á Vestfjarðavegi nr. 60. Hreppsnefnd minnir á fjölmennan íbúafund á Patreksfirði þann 11. maí 2010, þar sem þingmenn blésu íbúum þá von í brjóst að kominn væri fullur stuðningur þingmanna NV kjördæmis um að beita sér fyrir því að hin svokallaða B-leið um Gufudalssveit verði að veruleika. Mikilvægt er að draga fram að í frumvarpinu er tekið fullt tillit til náttúruverndarsjónarmiða sbr. dómur Hæstaréttar nr. 671/2008 þar sem dómurinn fellst á þau sex skilyrði sem umhverfisráðherra setti fram í úrskurði sínum 6. janúar 2007, og heimilar veglagningu í Gufudalssveit. Verður því að ætla að um þetta frumvarp geti orðið breið samstaða.

**11. 1007060 - Ráðning framkvæmdarstjóra Tálknafjarðarhrepps 2010-2014**

Eyrún vék af fundi. Óskað eftir að framkvæmdastjóri, Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir, sinni störfum eftir eldri samningi þar til nýr samningur hefur verið gerður og verði hann afturvirkur frá 1. júlí. Birnu Benediktsdóttur falið kalla saman vinnufund til að ganga frá nýjum ráðningarsamningi við Eyrúnu Ingibjörgu Sigþórsdóttur, sem lagður verður fram á fundi hreppsnefndar þann 8. sept. nk. Samþykkt með 4 atkvæðum.

**12. 1006016 - Vesturbyggð. samstarf um eflingu náttúrustofu Vestfjarða, 28.05.2010**

Eyrún kom aftur til fundar. Oddviti hafði samband við formann stjórnar náttúrustofu Vestfjarða og bæjarstjóra Vesturbyggðar og hefur hreppsnefnd fullan hug á eflingu starfseminnar. Samþykkt einróma.

**13. 1007044 - Fjórðungssamband Vestfjarða. Boðun og uppl. vegna þings Fjórðungssamabandsins**

Lagt fram til kynningar, sjá skipan skv. 7.tl. 51. greinar. Samþykkt samhljóða.

**14. 1007048 - Fiskistofa. Umsókn Þórodds ehf um rekstrarleyfi til fiskeldis. 30.06.2010**

Hreppsnefnd mælir með því að Þóroddi ehf verði veitt rekstrarleyfið. Samþykkt einróma. Oddvita falið að svara erindinu í samræmi við umræður á fundinum.

- 15. 1007049 - Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur. Beiðni um styrk. 10.07.2010**  
Styrkumsókn hafnað, samþykkt samhljóða.
- 16. 1007050 - Vesturbyggð. Ályktun ym embætti sýslumanns á Patreksfirði. 09.07.2010**  
Hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps tekur undir ályktun bæjarstjórnar Vesturbyggðar á fundi 7. júlí sl. um embætti sýslumannsins á Patreksfirði. Hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps er jafnframt tilbúin til viðræðna við dóms- og mannréttindaráðherra um styrkingu sýslumannsembættisins á Patreksfirði. Samþykkt einróma.
- 17. 0811032 - Upplýsingagjöf framkvæmdarstjóra**  
Oddviti fór yfir þau verkefni sem unnið er að, útboð vegna skólamáltíða verður sent út fyrir helgi, fundur var haldinn með fulltrúum Vegagerðarinnar og farið var yfir hraðamerkingar og viðhald vega í Tálknafirði, einnig kynnt niðurstaða kærunefndar útboðsmála vegna sorphirðu.
- 18. 1006062 - Jafnréttisstofa bréf dags 9.júní 2010, skyldur sveitarfélaga skv. jafnréttislögum nr 10/2008**  
Lagt fram til kynningar.
- 19. 1007002 - Capacent ehf., skýr stefna og styrk fjármálastjórn**  
Lagt fram til kynningar.
- 20. 1007003 - Velferðarvaktin. samþykkt til sveitarfélaga um velferð ungmenna.08.06.2010**  
Lagt fram til kynningar.
- 21. 1007045 - Lánasjóður Sveitarfélaga. Niðurfærsla eigin fjár. 05.07.2010**  
Lagt fram til kynningar.
- 22. 1007047 - Vinnumarkaðsráð vestfjarða. Starfspjálfun-vinnustaðanám-könnun. 30.06.2010**  
Lagt fram til kynningar.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:10**

|       |       |
|-------|-------|
| _____ | _____ |
| _____ | _____ |
| _____ | _____ |
| _____ | _____ |